



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**592. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 2. desember 2024  
og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Einar Þorsteinsson formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfél.á hbsv. - 2409007**

Áframhaldandi umræður frá 591. fundi stjórnar. Vinna við undirbúning stofnunar nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu hefur staðið yfir á vettvangi stýrihóps ríkis og sveitarfélaga. Nú liggja fyrir drög að tillögum stýrihópsins um rekstur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins á almenningssamgöngum, auk tillögu að kynningaráætlun fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaganna, fjármögnun verkefnisins og áætlun um áframhaldandi vinnslu málsins. Framkvæmdastjóri og Birgir Björn Sigurjónsson kynna.

Þá kynnir Jóhannes Rúnarsson stöðu á vagnaflota Strætó bs., endurnýjunar- og viðhaldspörf og skoðun sem hefur farið fram vegna málsins.

**Gestir**

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.

**Niðurstaða:**

*Umræður. Stjórn samþykkir að drög að framangreindum tillögum verði kynnt fyrir stjórn Strætó bs. og að stefnt verði að því að halda kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa vegna málsins föstudaginn 6. desember nk. Í kjölfarið verða tillögur hópsins sendar til kynningar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Að öðru leyti samþykkir stjórn fyrirliggjandi tillögur er varða tímaáætlun og fjármögnun verkefnisins.*

**2. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003**

Framhald umræðu frá 568. og 571. fundum stjórnar. Óskað var eftir nánari kynningu á stöðu mála og vinnu í framhaldi af fyrirliggjandi skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Arnar Pálsson ráðgjafi frá Arcur kynnir vinnu stýrihóps sem nú er að störfum og var falið að rýna tillögur og ólíkar sviðsmyndir og gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

### **Gestir**

Arnar Pálsson ráðgjafi

#### **Niðurstaða:**

*Umræður. Lagt fram til kynningar.*

### **3. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007**

Fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins dags. 20. nóvember 2024 þar sem tilkynnt er um tímabundna hækkun á framlagi ráðuneytisins til sóknaráætlana. Fyrirliggjandi er minnisblað stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál um skiptingu framlaga ríkisins til sóknaráætlana landshluta 2025-2029, uppfært 20. nóvember 2024 og minnisblað til ráðherra/ráðuneytisstjóra um uppfærða skiptingu framlaga ríkisins til sóknaráætlana landshluta 2025-2029.

#### **Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

### **4. Samgöngusáttmálinn - Betri samgöngur - 2003010**

Umræður um kynningu á verkefnum Betri samgangna ohf. fyrir stjórn SSH og kjörna fulltrúa. Betri samgöngur ohf. vinna nú að kynningaráætlun fyrir kjörna fulltrúa og íbúa. Framkvæmdastjóri, sem á sæti í stjórn Betri samgangna ohf., leggur þá til að hann kynni yfirstandandi verkefni á fundum stjórnar SSH með reglubundnum hætti annan hvern mánuð.

#### **Niðurstaða:**

*Samþykkt*

### **5. SSH Verkefni - 2401005**

Umræður um verkefni SSH, og stöðu verkefna frá síðasta starfsári en fyrirliggjandi er minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur dags. 28. nóvember 2024 þar sem fram kemur yfirlit um stöðu verkefna.

#### **Niðurstaða:**

*Umræður. Lagt fram til kynningar.*

### **6. SI Útboðsþing 2025 - 2411008**

SSH hefur undangengin ár tekið þátt í Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins og fyrirliggjandi er tölvupóstur dags. 14. nóvember sl. með beiðni um þátttöku á þinginu 2025 en það verður haldið 30. janúar. Gert er ráð fyrir að skrifstofa SSH annist, í samráði við starfsfólk sveitarfélaganna, gagnaöflun vegna útboðsframkvæmda á vegum sveitarfélaganna, svo og kynningu á þinginu.

#### **Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

### **7. Akstursþjónusta fatlaðs fólks. Álit umboðsmanns Alþingis - 2312005**

Undirritun sameiginlegra reglna Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Á 576. fundi stjórnar var samþykkt að leggja drög að



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

breyttum reglum fyrir sveitarfélögin til afgreiðslu og er henni nú lokið. Nánar er fjallað um aðdraganda og ferli málsins í fyrirbyggjandi minnisblaði Hildigunnar Hafsteinsdóttur dags. 28. nóvember 2024.

**Niðurstaða:**

*Afgreitt*

#### **8. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007**

Undirritun þjónustusamnings við Fjölsmiðjuna. Samningurinn var lagður fram og samþykktur á 590. fundi stjórnar og er að finna frekari umfjöllun um efni hans og aðdraganda í fyrirbyggjandi minnisblaði Hildigunnar Hafsteinsdóttur dags. 15. nóvember 2024.

**Gestir**

Sturlaugur Sturlaugsson forstöðumaður Fjölsmiðjunnar

**Niðurstaða:**

*Afgreitt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**